

**155. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Frístundamiðstöðinni
Garðavelli,
2. júní 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2105209 - Reglur Akraneskaupstaðar um notendasamninga

Drög að reglum um notendasamninga liggja fyrir.

Kristinn Hallur Sveinsson formaður sat ekki fundinn undir þessu máli. Ívar Orri Kristjánsson varamaður sat fundinn undir þessu máli.

Drögum að reglum Akraneskaupstaðar um notendasamning vísað til umsagnar hjá Notendaráði.

2. 2105210 - Reglur Akraneskaupstaðar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

Drög að reglum Akraneskaupstaðar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks liggja fyrir.

Kristinn Hallur Sveinsson formaður sat ekki fundinn undir þessu máli. Ívar Orri Kristjánsson varamaður sat fundinn undir þessu máli.

Drögum að reglum Akraneskaupstaðar um notendasamning vísað til umsagnar hjá Notendaráði.

3. 2105178 - Klúbburinn Geysir - umsókn um styrk 2021

Erindi frá Klúbbnum Geysi sem býður upp á endurhæfingu fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt við geðraskanir að stríða. Erindið snýr að umsókn um styrk.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar fyrir erindið en getur því miður ekki orðið við því.

4. 2105211 - Fjöliðjan vinnu- og hæfingarstaður - kynning á þjónustu og starfsemi

Fjöliðjan vinnu- og hæfingarstaður fyrir fatlað fólk, kynning á þjónustunni og starfsemi.

Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður og Ásta Pála Harðardóttir yfirproskapjálfi sátu fundinn undir þessum máli.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Guðmundir Páli og Ástu Pálu fyrir góða kynningu á Fjöliðjunni vinnu- og hæfingarstað.

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti.

Mál nr. 1 og 2: ÍOK, AÞÞ, EB, SK, HRÁ og SH.

Mál nr. 3 og 4: KHS, AÞÞ, EB, SK, HRÁ og SH.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.